

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2018/723****2019/EES/31/44****frá 16. maí 2018****um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 um vernd dýra við aflífun að því er varðar samþykki fyrir deyfingu með lágum loftþrýstingi (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1099/2009 frá 24. september 2009 um vernd dýra við aflífun <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 4. gr. og b-lið fyrstu undirgreinar 3. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um plöntur, dýr, matvæli og fóður,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er sett fram skrá yfir samþykktar deyfingaraðferðir, nákvæm skilgreining þar að lútandi og sértækar kröfur er varða tilteknar aðferðir.
- 2) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 eru settar fram kröfur að því er varðar skipulag, byggingu og búnað sláturhúsa.
- 3) Að fenginni beiðni frá einkarekstraraðila óskaði framkvæmdastjórnin eftir því að Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) legði fram álit varðandi aðferð með lágum loftþrýstingi (hér á eftir nefnd aðferðin) við deyfingu holdakjúklinga (kjúklinga sem eru haldnir til kjötframleiðslu).
- 4) Í álitinu <sup>(2)</sup> frá 25. október 2017 komst Matvælaöryggisstofnunin að þeirri niðurstöðu að:
  - aðferðin geti, að teknu tilliti til velferðar dýra, hið minnsta talist jafngild a.m.k. einni þeirra deyfingaraðferða sem nú eru tiltækar,
  - aðferðin sé eingöngu viðeigandi við tiltekin skilyrði, einkum: tækniforskriftir (s.s. þrýstingsminnkunarhraði, tímallengd hvers áfanga og heildartími útsetningar), eiginleikar dýranna (holdakjúklingar) og tiltekin umhverfis-skilyrði (s.s. hitastig og raki),
  - matið sé eingöngu takmarkað við holdakjúklinga til slátrunar, allt að 4 kg að þyngd, og ekki má yfirfæra notkun þess á aðrar fuglategundir.
- 5) Til að gera lögbærum yfirvöldum kleift að framkvæma reglulegar kannanir á samræmi við þessa aðferð ætti að mæla fyrir um sértækar kröfur varðandi aðferðina.
- 6) Til viðbótar við slátrun í atvinnuskyni telst aðferðin henta til að aflífa kjúklinga ef um er að ræða niðurskurð.
- 7) Aðferðin hentar einnig í öðrum tilvikum þegar nauðsynlegt er að aflífa mikinn fjölda kjúklinga af öðrum ástæðum en vegna lýðheilsu, dýraheilbrigðis, velferðar dýra eða umhverfisins.
- 8) Með tilliti til þess að aðferðin er, að teknu tilliti til velferðar dýra, jafngild a.m.k. einni þeirra samþykktu aðferða sem nú eru tiltækar er því nauðsynlegt að breyta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009.
- 9) Til að unnt sé, á skilvirkan hátt, að nota aðferðina og hafa eftirlit með henni ætti að virða tilteknar sértækar kröfur að því er varðar skipulag, byggingu og búnað. Því er nauðsynlegt að breyta einnig II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009.
- 10) Því ætti að breyta I. og II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1099/2009 til samræmis við það.
- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 122, 17.5.2018, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 46/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 303, 18.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2017 15(12), 5056.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 1099/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Töflu 3 í I. kafla er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„*Tafla 3 — aðferðir með stýrðum loftaðstæðum*“.

ii. Eftirfarandi lína 7 bætist við:

Nr.	Heiti	Lýsing	Skilyrði fyrir notkun	Lykilmælipættir	Sértækar kröfur í II. kafla þessa viðauka
„7	Deyfing með lágum loftþrýstingi	Dýr, sem eru með meðvitund, eru smám saman útsett fyrir þrýstingsminnkun þar sem aðgengilegt súrefni fer undir 5%.	Holdakjúklingar með líffþyngd sem er allt að 4 kg. Slátrun, niðurskurður og aðrar aðstæður.	Þrýstingsminnkunarhraði. Tími sem útsetning stendur yfir. Umhverfishiti og raki.	Liðir 10.1–10.5“

b) Í II. kafla bætist við eftirfarandi liður 10:

„10. *Deyfing með lágum loftþrýstingi*

10.1. Meðan fyrsti áfangi stendur yfir skal þrýstingsminnkunarhraðinn ekki vera meiri en sem jafngildir lækkun úr staðalloftþrýstingi við sjávarmál, sem nemur 760 torr, í 250 torr á a.m.k. 50 sekúndum.

10.2. Meðan annar áfangi stendur yfir skal ná lágmarksstaðalloftþrýstingi við sjávarmál, sem nemur 160 torr, á næstu 210 sekúndum.

10.3. Ferillinn fyrir tíma á móti þrýstingi skal aðlagður til að tryggja að allir fuglarnir séu varanlega deyfðir innan þess tíma sem lotan tekur.

10.4. Klefinn skal lekaprófaður og þrýstímælar kvarðaðir fyrir hverja notkunarlotu og ekki sjaldnar en daglega.

10.5. Skrár yfir raunþrýsting lofttæmis, útsetningartíma, hitastig og raka skulu geymdar í a.m.k. eitt ár.“

2) Í II. viðauka bætist við eftirfarandi liður 7:

„7. *Deyfing með lágum loftþrýstingi*

7.1. Búnaður til deyfingar með lágum loftþrýstingi skal hannaður og byggður til að tryggja lofttæmi í klefanum sem gerir kleift að minnka þrýstinginn hægt, stig af stigi, meðan dregið er úr aðgengilegu súrefni og lágmarksþrýstingi haldið.

7.2. Búnaðurinn skal þannig búinn að hann mæli, birti og skrái stöðugt raunþrýsting lofttæmis, tímalengd útsetningar, hitastig og raka og gefi frá sér auðséð og auðheyrnanlegt viðvörunarmerki ef þrýstingur vikir frá þeim mörkum sem krafist er. Starfsfólkinu skal unnt að sjá tækið greinilega.“

## 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. maí 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---